

Aðalfundur félagsins var haldinn í Egilshöllinni í kvöld. Megnið af fundartímanum fór í umræður um útisvæði félagsins á Álfnesi. Ársreikningar voru lagðir fram og samþykktir samhljóða. Stjórnin var endurkjörin samkvæmt lögum félagsins og er nú skipuð þannig að Jórunn Harðardóttir er formaður, Arnbergur Þorvaldsson varaformaður, Guðmundur Kr. Gíslason gjaldkeri, Kjartan Friðriksson ritari og meðstjórnandi er Örn Valdimarsson. Varamenn eru Kjartan Örn Kjartansson og Sigfús Tryggvi Blumenstein.